

Nr. 45.

30.
júlí.

Lög

um

námsskeið verzlunarmanna.

Vjer Frederik hinn Áttundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með
samþykki Voru:

1. gr.

Kaupmenn, kaupfélagsstjórar og aðrir þeir, sem reka verðlanir eða veita verzlunum forstöðu í kaupstöðum, skulu, þá er þeir taka unglinga yngri en 18 ára til verzlunarnáms, annast um að gerður sje skriflegur námssamningur, og ber hlutaðeigandi lögreglustjóra að rita vottorð sitt á samninginn þess efnis, að hann sje saminn á þann hátt, sem lög þessi mæla fyrir um. Sje ákvæði þetta brotið er samningurinn ógildur. Eyðublöð undir slíka samninga lætur stjórnarráðið semja og afhenda lögreglustjóra þau ókeypis.

2. gr.

Engan pilt eða stúlku má taka til náms, sem yngri er en 12 ára.

3. gr.

Í samningnum skal ákveðið, hve langt námsskeiðið skal vera; má það aldrei lengra vera, að meðtöldum reynslutímanum (sbr. 5. gr.), en 5 ár.

4. gr.

Það skal skýrt tekið fram í samningnum, hvernig launa skuli nemandanum, og skulu launin annaðhvort vera fólgin í fæði, húsnæði, klæðum og þjónustu, eða þá mánaðarlaun, er greiðist í peningum að nokkru eða öllu. Sje verzlunarskóli á staðnum þar sem nemandi er ráðinn, skal nemanda einnig sjeð fyrir ókeypis kenslu á skólanum, og veittur nægilegur tími til náms.

5. gr.

Fyrstu 2 mánuðina af námstímanum ber að skoða sem reynslutíma fyrir báða, og hafa þá bæði verzlunarstjórnandi og nemandi, sje hann þá orðinn 16 ára, en ella foreldrar eða fjárráðamenn, rjett til þess, að heimta að samningnum sje slitid án þess að tilgreina nokkra ástæðu. En þegar svo er, á hvorugur heimtingu á skaðabótum hjá hinum, nema skýlaus ákvæði sje um það gerð í samningnum.

Nr. 45. Lög 30. júlí um námsskeið verzlunarmanna.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18. September 1891.

Lov

om

Handelsbetjentes Læretid.

Nr. 45.
30.
Juli.

Vi Frederik den Ottende, af Guds Naade Konge til Danmark,
de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken,
Lauenborg og Oldenburg,

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Naar Købmænd, Brugsforeningsbestyrere eller andre, der i Købstæder drive eller forestaa Handel, antage nogen, der er under 18 Aar, til Handelslære, skulle de sørge for, at der oprettes skriftlig Lærekontrakt og skal vedkommende Politimester forsyne den med Paategning om, at den er affattet overensstemmende med nærværende Lovs Forskrifter. Efterkommes disse Bestemmelser ikke, er Kontrakten ugyldig. Ministeriet besørger Blanketter til saadanne Kontrakter affattede, hvilke uden Betaling udleveres til Politimestrene.

§ 2.

Ingen Dreng eller Pige under 12 Aar kan antages til Lære.

§ 3.

Kontrakten skal indeholde Bestemmelse om Læretidens Varighed. Den maa i intet Tilfælde overstige 5 Aar, Prøvetiden (jfr. § 5) iberegnet.

§ 4.

Det skal i Kontrakten nøjagtig bestemmes, af hvilken Beskaffenhed Lærlingens Løn skal være; denne skal enten bestaa af Føde, Husly, Beklædning og Vask eller af maanedlig Løn, der delvis eller helt udredes i Penge. Findes der en Handelsskole paa det Sted, hvor Lærlingen er antagen, skal der ogsaa ydes Lærlingen fri Undervisning i Skolen samt tilstrækkelig Tid til at tage Del i Undervisningen.

§ 5.

De to første Maaneder af Læretiden skal anses som en gensidig Prøvetid, i hvilken saavel Handelsforstanderen som Lærlingen, hvis han i Løbet af denne Tid har naaet 16 Aars Alderen, og ellers hans Forældre eller Værge, uden Angivelse af nogen Grund kunne forlange Kontrakten hævet. I saa Fald er ingen af Parterne berettiget til Erstatning hos den anden, medmindre udtrykkelig Bestemmelse derom er indført i Kontrakten.

Nr. 45. Lov af 30. Juli om Handelsbetjentes Læretid.

Nr. 45.

30.
júlí.

6. gr.

Nemandi skal sýna húsbónda sínum trúmensku, hlýðni og auðsveipni og vinna honum alt það gagn, sem hann frekast má. Geri nemandi sig sekan í nokkurri óráðvendni, má reka hann burt frá náminu.

7. gr.

Sje nemandi yngri en 18 ára, má vinnutíminn ekki fara fram úr 12 stundum á dag að meðtöldum námstíma og 2 stundum til að hvílast og matast. Nema brýna nauðsyn beri til, má verzlunarstjórnandi ekki láta nemandann vinna neina vinnu frá kl. 9 á kvöldin til kl. 6 á morgna.

8. gr.

Á sunnudögum eða öðrum helgidögum þjóðkirkjunnar má verzlunarstjórnandi ekki fá nemanda neina vinnu, nema þegar sjerstaklega mikið liggur við eða þegar birgða-könnun á sjer stað. Nemandi skal fá 10 daga sumarfrí.

9. gr.

Meðan námstíminn stendur yfir, skal verzlunarstjórnandi vaka yfir hegðun og siðferði nemanda og eftir megni varna því, að aðrir hafi siðspillandi áhrif á hann. Hann má ekki setja nemanda til annarar vinnu en þeirrar, sem lýtur að námi hans. Á meðal annars skal hann gæta þess, að nemandi fái nokkra verklega æfingu í skrifstofustörfum. Þegar námstímanum er lokið, á nemandi heimtingu á að fá skirteini hjá verzlunarforstjóra um að námi hans sje lokið og enn fremur vottorð um hegðun sína og dugnað.

10. gr.

Nú sýkist nemandi án þess honum sje sjálfum sök á gefandi sakir ótilhlýðilegrar hegðunar og ber verzlunarstjórnanda þá að greiða honum laun í 6 vikur frá þeim tíma, sem hann veiktist, og auk þess greiða kostnað allan við sjúkrahúslegu hans í jafnlangan tíma. Ákvæði þessu verður ekki breytt með neinum samningi milli aðila.

11. gr.

Námssamningur verður ógildur:

1. Þá er verzlun hættir eða eigandi hennar verður gjaldþrota.
2. Þá er verzlunarstjóri deyr, ef nemandi óskar þess, að samningi sje slitið (með samþykki fjárráðamanns, ef svo á stendur).

12. gr.

Rísi ágreiningur milli samningsaðila út af námssamningi, skal það mál útkljá af gerðardómi. Gerðardóminn skipa 2 kaupmenn eða verzlunarstjórar, er verzlunarstjórnandi útnefnir, og 2 verzlunarmenn, er nemandi útnefnir, en sjálfkjörinn oddamaður gerðardómsins er bæjarfógeti. Neiti annar málсаaðila að útnefna menn í gerðardóminn, skal hinum aðilanum heimilt að útnefna þá alla 4. Sá, sem beiðist gerðar, skal snúa sjer skriflega eða munnlega til oddamanns og kveður hann málсаaðila, með 8 daga fyrirvara í mesta lagi, til þess að mæta fyrir sjer ásamt gerðarmönnum sínum.

Nr. 45. Lög 30. júlí um námsskeið verzlunarmanna.

§ 6.

Nr. 45.
30.
Juli.

Lærlingen skal vise sin Husbond Troskab, Lydighed og Tjenstvillighed samt være ham til den størst mulige Nytte. Hvis Lærlingen gør sig skyldig i nogen Uredelighed, kan han bortvises.

§ 7.

For Lærlinge under 18 Aar maa Arbejdstiden ikke overstige 12 Timer daglig, heri beregnet Læretid og 2 Timer til Hvile- og Spisetid. En Handelsforstander maa ikke uden tvingende Nødvendighed paalægge Lærlingen noget Arbejde i Tiden mellem Kl. 9 Aften og Kl. 6 Morgen.

§ 8.

Paa Folkekirkens Søn- og Helligdage maa Lærlingen ikke af Handelsforstanderen, uden tvingende Nødvendighed, eller medmindre Beholdning af Lageret optages, anvendes til noget Arbejde. Lærlingen skal have 10 Dages Sommerferie.

§ 9.

Handelsforstanderen skal i Læretiden vaage over Lærlingens Opførsel og sædelige Forhold og, saavidt det staar til ham, værne Lærlingen mod umoralsk Paavirkning. Han maa ikke anvende Lærlingen til noget andet Arbejde end det, der henhører til Faget. Blandt andet skal han sørge for at Lærlingen erholder nogen praktisk Øvelse i Kontorarbejde. Naar Læretiden er udløben, har Lærlingen Ret til hos Handelsforstanderen at erholde Bevis for at Undervisningen er sluttet og Attest om sin Opførsel og Dygtighed

§ 10.

Naar en Lærling bliver syg, uden at han selv er Skyld i det ved utilbørlig Opførsel, skal Handelsforstanderen udbetale ham Lønnen for 6 Uger fra det Tidspunkt, da han blev syg, samt desuden Omkostninger ved Hospitalsophold for et lige saa langt Tidsrum. Disse Bestemmelser kunne ikke forandres ved nogen Overenskomst mellem Parterne.

§ 11.

Lærlingekontrakten bortfalder:

- 1) Naar Handelen ophæves eller dens Indehaver kommer under Konkurs.
- 2) Naar Handelsforstanderen dør, hvis Lærlingen ønsker Kontrakten hævet (efter Omstændighederne med Værgens Samtykke).

§ 12.

Twistigheder mellem Kontrahenterne vedrørende Lærlingekontrakten skulle afgøres ved Voldgift. Voldgiftsretten bestaar af 2 Købmænd eller Handelsbestyrere, som Handelsforstanderen vælger, samt 2 af Lærlingen valgte Handelsbetjente, men vedkommende Byfoged er Voldgiftsrettens selvsikrede Formand. Nægter en af Parterne at deltage i Valget af Voldgiftsmænd, har den anden Part Ret til at vælge alle 4. Den, der ønsker Voldgift afholdt, skal enten skriftlig eller mundtlig henvende sig til Formanden, som med en Frist af ikke over 8 Dage tilsiger Parterne til at give Møde tillige med Voldgiftsmændene. Paa Mødet skal Sagen endelig afgøres ved Stemmeflerhed, dog kan der

Nr. 45. Skal þá málið útkljáð að fullu og ræður afl atkvæða; þó má veita aðilum frest, alt að
 30. 8 dögum, í eitt skifti, ef sjerstakar ástæður eru fyrir hendi. Málsaðilar eru algerlega
 júlí bundnir við úrskurð gerðardómsins. Mæti einhver gerðarmanna ekki, skal málinu ráðið til lykta af þeim gerðarmönnum, sem mættir eru.

Með gerðardómi má slíta samningi og dæma þeim, er tjón bíður, skaðabætur.

13. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 10 til 200 krónum, og mál út af þeim skal farið með sem almenn lögreglumál.

14. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 15, 16. sept. 1893 um iðnaðarnám að því er verzlunarnemendur og verzlunarstjórnendur í kaupstöðum snertir.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 30. júlí 1909.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Frederik R.

(L. S.)

Björn Jónsson.

under særlige Omstændigheder tilstaas Parterne en Gang indtil 8 Dages Udsættelse. Nr. 45.
 Voldgiftsafgørelsen er endelig forbindende for Parterne. Hvis nogen af Voldgifts- 30.
 mændene udebliver, skal Sagen afgøres af de mødende Voldgiftsmænd. Juli.

Ved Voldgiftsafgørelsen kan Kontrakten ophæves, ligesom der kan tilkendes den skadelidende Part Erstatning.

§ 13.

Overtrædelser af denne Lov straffes med Bøder fra 10 til 200 Kr. og Sager i Anledning af disse behandles som offentlige Politisager.

§ 14.

Ved denne Lov ophæves Lov Nr. 15 af 16. Septbr. 1893 om Læringleforholdet, for saa vidt angaar Handelslærlinge og Handelsforstandere i Købstæder.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 30. Juli 1909.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Frederik R.

(L. S.)

Björn Jonsson.

Islands Ministerium, den 30. Juli 1909.

Björn Jonsson.

Jon Krabbe,
kst.